

Alþingi v/Austurvöll  
Nefndasvið Alþingis  
150 REYKJAVÍK

Reykjavíkurlugvelli, 12. maí 2015  
1504021KA

**Efni: Frumvarp til laga um alþjóðleg öryggismál (erlend herskip, herloftför o.fl.)  
628. mál til umsagnar frá utanríkismálanefnd Alþingis**

Vísað er til tölvupósts frá utanríkismálanefnd Alþingis frá 27. apríl sl. þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum er varða alþjóðleg öryggismál o.fl. þingskjal 1084 – 628. mál.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og fleiri lögum. Isavia þakkar fyrir að fá tækifæri til að senda inn athugasemdir við drögin. Athugasemdir félagsins lúta einkum að þeim hlutum frumvarpsins er varða breytingar á lögum um loftferðir og er því afmörkuð við sérsvið félagsins á sviði flugmála og þ.a.l. við ákvæði loftferðalaga. Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögnum þannig að bætt verði við nýjum kafla XII A. með nýjum ákvæðum í 134. gr. a og 134. gr. b.

Í greinargerð með þessum ákvæðum er vísað til hugtaksins ríkisloftfar eins og það er skilgreint í samningnum um alþjóðlegt borgaralegt flug í Chicago samningnum, sem kom m.a. á fót Alþjóðlegu flugmálastofnuninni (ICAO), en 191 þjóð hefur staðfest samninginn. Síðan er í greinargerðinni vísað til þess að samningurinn gildi eingöngu um borgaraleg flugför en taki ekki til ríkisloftfara, sem vissulega er rétt. Áður en lengra er haldið er þó rétt að vekja athygli á því að skv. 1. gr. sáttmálans er staðfestur grundvallaréttur hvers ríkis til yfirráða á loftstryminu yfir landi sínu (yfirráðasvæði).

The contracting States recognize that every State has complete and exclusive sovereignty over the airspace above its territory.

Með sama hætti eru þessi yfirráð staðfest á loftstryminu yfir hafsvæði ríkja skv. 2. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þessi greinarmunur milli ríkisloftfara og borgaralegra loftfara er hins vegar ekki að finna í lögum nr. 60/1998 um loftferðir þ.e. lögum taka til loftfara almennt, sbr. 2. gr. laganna.

Loftfar samkvæmt lögum þessum telst sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Auk þess gilda lög in skv. 1. gr. á íslensku yfirráðasvæði án frekari aðgreiningar, þ.e. á landi, á sjó út á 12 sjómílum og í loftstryminu yfir því svæði.

Lög þessi gilda á íslensku yfirráðasvæði og um borð í íslenskum loftföllum hvar sem þau eru stödd, nema samningar við önnur ríki eða lög þess ríkis er loftfarið fer um leiði til annars.

Samkvæmt 3. gr. laga um loftferðir er loftfari aðeins heimil ferð um íslenskt yfirráðasvæði að uppfylltu einhverju af eftirfarandi skilyrðum:


- a. Það hafi íslenskt þjóðerni.
- b. Það hafi þjóðerni ríkis sem hefur með sáttmála verið veittur réttur til loftferða um íslenskt yfirráðasvæði.
- c. Það hafi leyfi frá ráðherra eða þeim sem hann felur leyfisveitinguna til ferðar um íslenskt yfirráðasvæði.

Leyfi skv. c-lið 1. mgr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast og eru slík leyfi afturkallanleg án fyrirvara. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd leyfisveitinga.

Af þessu leiðir að erlendu ríkisloftfari er þegar óheimil för um íslenskt yfirráðasvæði skv. íslenskum lögum nema til komi sérstakt leyfi.

Sú tillaga sem lögð er til í frumvarpinu um breytingu á lögum um loftferðir er því óþörf og endurtekur aðeins skýr ákvæði 1. og 3. gr. loftferðalaga nr. 60/1998.

F.h. Isavia ohf.,



Karl Alvarsson  
Lögfræðingur